

Ed.

239. Frumvarp til laga

[118. mál]

um breyting á lögum nr. 25/1943, um breyting á lögum nr. 16/1939, um breyting á lögum nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

4. gr. laga nr. 68/1934 orðist þannig:

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar. — Menntamálaráðherra skipar formann úr flokki hinna kosnu útvarpsráðsmanna.

Útvarpsráði skal heimilt að skipta með sér verkum við undirbúning útvarpsdagskrár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 25/1943, og lög nr. 16/1939, um breyting á lögum nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um leið og lög þessi öðlast gildi, skal kjósa í útvarpsráð samkv. þeim á þingi því, er nú situr, og fellur þá jafnframt niður umboð hinna fyrri útvarpsráðsmanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 70/1964, um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingskóp Alþingis, var ákveðið að fjölga í 5 manna þingnefndum í 7, þar eð flokkaskipun á Alþingi er þannig, að ekki er tryggt að allir þingflokkar fái kjörna fulltrúa í 5 manna nefndir. Um þessa breytingu var samstaða á Alþingi.

Útvarpsráð er ein þeirra nefnda, sem Alþingi kýs að afstöðnum almennum þingkosningum. Þegar kjörið var í útvarpsráð síðast, fengu ekki allir þingflokkar fulltrúa í ráðinu. Eðlilegt þykir, að í stjórn stofnunar eins og Ríkisútvarpsins, eigi sæti fulltrúar allra þingflokka, ekki hvað sízt þegar það er haft í huga, að stofnunin mun á þessu ári mjög færa út kvíarnar með tilkomu íslenzks sjónvarps. Fjölgun meðlima útvarpsráðs úr 5 í 7 myndi tryggja að allir þingflokkar ættu fulltrúa í útvarpsráði.

Undirbúningur dagskrár hefur á síðari árum orðið æ umfangsmeiri, m. a. vegna lengingar dagskrárinnar, og verður það auðvitað í enn ríkari mæli við tilkomu sjónvarps. Þykir því eðlilegt að heimila útvarpsráði að taka upp verkaskiptingu við undirbúning dagskrárinnar. Gæti þá t. d. reynzt skynsamlegt að samvinnu-nefndir útvarpsráðsmanna og dagskrárstarfsmanna önnuðust undirbúning tiltekinna þátta dagskrárinnar, en útvarpsráð tæki heildarákvarðanir.